

28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1860.
31. maí.
norður- og austurumdæminu, um gjaldfrest á láni,
er jafnaðarsjóði amtsins hafði verið veitt.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 30. septemberm. f. á. farið þess á leit, að dómsmálastjórnin útvegi fyrst um sinn frest á borgun þeirra 1333 rdl. 32 sk., sem samkvæmt fjárukalögum 29. desemberm. 1857, 3. gr., 7. tölul., voru greiddir jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, sem lán úr jarðabókarsjóði Íslands vegna fjárkláðans.

Útaf þessu sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til frekari framkvæmdar, að dómsmálastjórninni ekki þykir vera ástæða til að biðja ríkisþingið um lengri gjaldfrest á láni þessu, og það því síður, sem nú er mjög vel ástatt í norður- og austurumdæminu að því leyti, er fjárkláðann snertir, eptir skýrslum þeim, er þér hafið hingað sent; svo er það og eigi mikið fê, sem hér er um að ræða. Dómsmálastjórnin verður því að bjóða yður nákvæmlega að annast um, að lánið verði endurgoldið jarðabókarsjóðnum, þó rentulaust, á yfirstandandi fjárhagsári, samkvæmt fjárlögunum fyrir árið 18⁶⁰/₆₁ (smbr. athugasemdirnar við frumvarpið til laga þessara, við 4. gr. A. 4.).

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 31. maí.
norður- og austurumdæminu, um styrk til að ala
upp svín.

Með bréfi 16. desemberm. f. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað eptirrit af bænarskrá, er yður barst frá A. Sæmundsen, umboðsmanni vesturhluta Munkaþverárklausturs, um það, að tveim af landsetum klausturs þessa, Bjarna Davíðssyni á Snæbjarnarstöðum og Guðmundi Davíðssyni í Hjaltadal, verði hvor-um fyrir sig úr almennum sjóði veittur styrkur til að kaupa tvo grísa, eitt karldýr (gölt) og eitt kvenndýr (gyltu), til þess að gjöra tilraun með að ala upp svín til sveita á Íslandi; og